



Erindisbréf skólamálanefndar

16. mars 2012

Sambands íslenskra sveitarfélaga

0504189SA KB/si
Málalykill: 330

Skipan nefndarinnar

Skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga er skipuð fimm fulltrúum til fjögurra ára í senn. Skólamálanefnd er skipuð forsvarsmönnum sveitarfélaga á sviði skólamála og skal hún endurspegla fjölbreytileika sveitarfélaga eins og kostur er. Hver nefndarmaður situr ekki lengur en tvö kjörtímabil samfleytt. Ekki skal skipta öllum nefndarmönnum út í einu.

Með nefndinni starfa sviðsstjórar, eða sérfræðingar sviða, sambandsins þegar nefndin fjallar um mál sem snerta verksvið viðkomandi sviða.

Hlutverk skólamálanefndar

Skólamálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skólámálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla.

Helstu verkefni skólamálanefndar

- Taka þátt í undirbúningi stefnumótunar sambandsins á sviði skólamála.
- Vera til ráðgjafar á sviði skólamála við gerð árlegra starfsáætlana og skólaskýrslu sambandsins.
- Gefa umsagnir um skólamál að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
- Vekja athygli á álitamálum í rekstri og starfsemi skóla sveitarfélaga sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins.
- Vekja athygli á þróun og breytingum í skólámálum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði skólamála, svo sem ráðstefna, þinga og námskeiða.

Fundir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum.

Boðun funda og fundargerðir

Skólamálafulltrúi sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara, stjórnar fundum nefndarinnar og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir atvikum til staðfestingar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samið á grundvelli samþykktar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á 722. fundi, 18. febrúar 2005, um stofnun skólamálanefndar sambandsins.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
16. mars 2012



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri